

Umhverfis- og skipulagssvið  
Reykjavíkurborg  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 31. janúar 2019  
UST201901-347/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur - Sundahöfn - landfyllingar**

Visað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er varðar landfyllingar við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka.

### **Stækkun hafnarvæðis í Sundahöfn**

Í greinargerð kemur fram að áformað er að stækka hafnarvæðið í Sundahöfn á tveimur stöðum. Annars vegar er um að ræða 2 ha stækkun við Skarfabakka-Kleppsbakka, hins vegar er ný landfylling við Klettagarða um 3 ha. Einnig kemur fram að um er að ræða stækkanir útfrá áður gerðum landfyllingum.

### **Umhverfisskýrsla**


Í umfjöllun um hafnar- og iðnaðarsvæði vegna breytingartillögu um landnotkun við Klettagarð, kemur fram að samráð verði haft við Veitur um fyrirkomulag fráveitulagna hreinsistöðvar við Klettagarða vegna framkvæmda við Klettagarða og hugmynda um mögulega ylströnd. Umhverfisstofnun ítrekar ábendingu sína um að hugmyndir og framkvæmdir um mögulega ylströnd verði í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi vöktunar á strandsjó við Laugarnes og lífríki þar við ströndina áður en ráðist verður í gerð ylstrandar.

Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að tekin verði sýni úr fyllingarefnini úr grunni Landspítalans, en ef um fleygaða klöpp er að ræða úr grunninum tekur stofnunin undir að ekki er þörf fyrir slíkt, sjá viðauka III leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis sjá heimasíðu Umhverfisstofnunar:

[https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%C3%B0beinandi%20reglur%20um%20me%C3%B0fer%C3%B0%20d%C3%BDpkunarefnis\\_des2016.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/Lei%C3%B0beinandi%20reglur%20um%20me%C3%B0fer%C3%B0%20d%C3%BDpkunarefnis_des2016.pdf)

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu og umhverfisskýrslu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur